

## Fjöldi kennslustunda í skyldunámi í einstökum ríkjum og námsgreinum.

Skýrslan er í tveimur hlutum: Fyrst er samanburður á lágmarkskennslustundafjölda í lestri, ritun, málfræði, bókmenntum, stærðfræði, náttúrufræði og félagsvísindum. Farið er yfir vísa eða markmið um árangur 15 ára barna sem sett hafa verið á alþjóðavettvangi í þessum tilteknu fögum. Þessi hluti skýrslunnar skiptist í átta kafla. Sýndar eru áhugaverðar breytingar á kennslutímafjölda sem einstaka þátttökuríki hafa gert á tímabilinu sem skoðað er. Í skýrslunni eru niðurstöður einnig skoðaðar með tilliti til nýlegra tilmæla ráðs Evrópusambandsins um eflingu vissra sameiginlegra gilda og markmiða, þ. á m. menntun án aðgreiningar, hugmyndir um evrópskra nálgun í kennslufræðum, eflingu kennsluáferða sem styrkja borgaravitund og mannréttindi (1). Í síðari hluta skýrslunnar má finna myndræna framsetningu á kennslutíma í hverju landi, þ. á m. Íslandi. Þar eru kennslutímarnir settir fram með myndrænum hætti fyrir tiltekin fög, skólastig og þátttökulönd, að teknu tilliti til þess að grunnskólaskyldan er ekki jafnlöng hjá öllum þjóðum.

Í skýrslunni eru dregnar saman áhugaverðar og gagnlegar niðurstöður rannsókna á tengslum kennslutíma og námsárangurs. Þar kemur fram m.a. að til þess að fjölgun kennslutíma í tiltekinni grein bæti námsárangur þurfi að huga samtímis að gæðum kennslunnar og námsefnisins sem boðið er upp á. Væntingar kennara og foreldra um námsárangur nemendanna þurfi líka að aukast<sup>(2)</sup>. Þannig skipti væntingar, áhugi og vilji nemenda til að læra, aukin gæði viðbótarkennslunnar og námsefni ekki síður máli en fjöldi kennslutíma enn og sér<sup>(3)</sup>. Einnig er bent á að auka megi námstíma nemenda með því að vinna gegn skólaforðun og fjarvistum. Slíkt getur skilað svipuðum árangri og fjölgun kennslutíma<sup>(4)</sup>.

Eurydice-upplýsinganetið hefur safnað og birt árlega upplýsingar um kennslutíma í skyldunámi í grunnskólum í á þriðja áratug og frá árinu 2014 einnig gert það í samvinnu við OECD (NESLI). Upplýsingarnar byggja á aðalnámskrám, reglugerðum, stöðlum eða tilmælum sem menntayfirvöld ríkja eða sveitarfélaga hafa samþykkt. Til einföldunar er notast við hugtakið „ráðlagður kennslutími“ í

<sup>1</sup> Council Recommendation on promoting common values, inclusive education, and the European dimension of teaching. Brussels, 17/01/2018. COM(2018) 23 final:

<https://ec.europa.eu/education/sites/education/files/recommendation-common-values-inclusive-education-european-dimension-of-teaching.pdf>.

<sup>2</sup> Traphagen, K., 2011. Strengthening science education: The power of more time to deepen inquiry and engagement. Washington, DC: National Center on Time and Learning. Blank, Rolf K., 2013. Science instructional time is declining in elementary schools: What are the implications for student achievement and closing the gap? *Science Education*, 97, pp. 830-847. Fitchett, P.G.; Heafner, T.L., Vanfossen, P., 2014. An analysis of time prioritization for social studies in elementary school classrooms. *Journal of Curriculum & Instruction*. 8 (2), pp. 7-35.

<sup>3</sup> Gettinger, M, 1985. Time allocated and time spent relative to time needed for learning as determinants of achievement. *Journal of Educational Psychology*, 77, pp. 3-11. Carroll, J. B., 1989. The Carroll Model: A 25-years retrospective and prospective view. *Educational Researcher*, 18 (1), pp. 26-31. Kidron, Y., and Lindsay, J., 2014. The effects of increased learning time on student academic and non-academic outcomes: Findings from a meta-analytic review (REL 2014-015). Washington, DC: U.S. Department of Education, Institute of Education Sciences, National Center for Education Evaluation and Regional Assistance, Regional Educational Laboratory Appalachia. <http://ies.ed.gov/ncee/edlabs>.

<sup>4</sup> Aucejo, E. and Romano, T. F., 2016. Assessing the effect of school days and absences on test score performance. *Economics of Education Review*, 55, pp. 70-87

greiningunni og alltaf er miðað við lágmarkskennslutíma í hverju fagi, en langflest ríki gefa skólum talsvert svigrúm til að kenna umfram það sem ráðlegt er í kjarnafögum. Gögnin sýna þannig áætlaðan lágmarkskennslutíma, ekki þann kennslutíma sem nemendur fá í raun og veru í skólanum og eru frímínútur, einkakennsla og sjálfsnám heldur ekki talið með.